

## **Fundur haldinn í skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps**

mánudaginn 13. október 2008 kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5 A, Reykhólum.  
Fundargerð rituð á tölvu og er hún ein bls. að stærð.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Egill Sigurgeirsson, Eiríkur Kristjánsson,  
Guðmundur Ólafsson, Bogi Kristinsson og Óskar Steingrímsson, fundarritari.

Sveinn bauð menn velkomna og setti fund.

### **Dagskrá:**

#### **Til afgreiðslu:**

1. Umsókn dags. 13. ágúst frá Gauta Þorsteinssyni um leyfi til reisa fjarskiptastöð á Ódrjúgshálsi; 15 metra stálgrindarmastur og 6 m<sup>2</sup> tækjaskýli. Erindið samþykkt með fyrirvara um jákvæða umsögn Vegagerðarinnar og Skipulagsstofnunar.
2. Umsókn dags. 13. ágúst 2008 frá Gauta Þorsteinssyni um leyfi til að reisa fjarskiptastöð á Hofsstaðahálsi: 15 metra stálgrindarmastur og 6 m<sup>2</sup> tækjaskýli. Erindið samþykkt með fyrirvara um jákvæða umsögn Vegagerðarinnar og Skipulagsstofnunar.
3. Tölvupóstur dags. 29. september 2008 frá Svavari Gestssyni varðandi girðingu skógræktarsvæðis í Hólaseli með beiðni um umsögn. Nefndin gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar girðingaframkvæmdir.

#### **Til kynningar:**

1. Afrit bréfs dags. 22. sept. 2008 frá Breiðafjarðarnefnd til Gissurar Tryggvasonar og Ragnheiðar Axelsdóttur varðandi hugsanlega flugvallargerð í Svefneyjum. Kynnt.
2. Bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum leggur fram til kynningar þrjár tillögur um breytingu á vegi nr. 606 í gegnum Reykhóla vegna fyrirhugaðrar bygginar bátasafnshúss. Kynnt

#### **Önnur mál:**

1. Umræða um aðgengi fatlaðra í sveitarfélaginu. Boga falið að koma með tillögur varðandi aðgengismál við Barmahlíð.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:45.

Sveinn Ragnarsson (sign)  
Egill Sigurgeirsson (sign)  
Eiríkur Kristjánsson (sign)  
Bogi Kristinsson Magnusen (sign)  
Óskar Steingrímsson (sign)